



# Viðhaldsáætlun og flokkun Göngustígar, gangstéttir og tengd mannvirki

Tæknideild 2017



## Innihald

Inngangur .....	5
Stígflokkun .....	6
Flokkur 1 Göngustígar .....	6
Flokkur 2 Göngustígar .....	6
Flokkur 3 Göngustígar .....	7
Flokkur 4 Göngustígar .....	7
Flokkur 5 Göngustígar .....	8
Erfiðisskali og merking stíga .....	9
Viðhald .....	10
Stígar malbikaðir (Viðhald A) .....	11
Stígar/götur hellulagt (Viðhald A) .....	11
Stígar malaryfirborð (Viðhald B) .....	11
Stígar trékurl (Viðhald B) .....	12
Brýr (Viðhald A) .....	12
Tröppur (Viðhald A) .....	12
Áningastaðir (Viðhald A) .....	12
Viðhengi.....	13



## Inngangur

Göngustígar eru mikilvægur hluti í útvistarlífi allra íbúa og gesta svæðisins.

Þetta skjal fjallar um flokkun stíga bæði í erfiðiskala fyrir notkun stíga og gæðaflokkun varðandi viðhaldspörf.

Við flokkun göngustíga er horft til breidd, bratta og yfirborð stígs. Einnig er mikilvægt að hafa í huga hver er notandi stíganna og hvar stígarnir eru staðsettir.

Ekki verðu fjallað um sérstaka tækni til að halda við stígum eða hluta þeirra. Upplýsingar um það eru að finna í viðhengi.

## Stígflokkun

### Flokkur 1 Göngustígar

Almenn lýsing	Malbikaðir stígar Aðgengilegir öllum Reglulegt eftirlit og viðhald Vetrarþjónusta
Hentar fyrir	Stígar sem tengja bæjarhluta innanbæjar og milli bæjarkjarna. Bæði notað sem reiðhjólastígar og göngustígar. Tengir bæjarkjarna með útvistarsvæðum
Yfirborð	Malbikað, slétt og vel viðhaldið. Ekkert laust efni
Breidd	Milli 1.50m og 2.50m.
Bratti	5 - 8 %.
Dæmi	Milli Miðbæ og Holtahverfi (mynd vantar)

### Flokkur 2 Göngustígar

Almenn lýsing	Stígar með þjappað malarslitlag yfirleitt í láglendi og nálægt bæjarkjarna. Reglulegt eftirlit og viðhald.
Hentar fyrir	Stígar sem tengja bæjarhluta innanbæjar og milli bæjarkjarna. Bæði notað sem reiðhjólastígar og göngustígar. Tengir nærumhverfi bæjarins með útvistarsvæðum.
Yfirborð	Malaryfirborð. Þjappað, slétt og vel viðhaldið.
Breidd	Milli 1.00m og 2.50m.
Bratti	5 - 8 %.
Dæmi	Tungudalur leiðir (mynd vantar)

### Flokkur 3 Göngustígar

Almennt lýsing	Mjór malarstígur með brattari köflum. Inniheldur brúaða læki og tröppur fyrir bröttstu kaflana. Laust og fast yfirborð blandað í stíg.
Hentar fyrir	Stígar sem henta fyrir skógarlendi og útvistarsvæði
Yfirborð	Blandað yfirborð með lausum köflum en ekkert laust efni yfir 50mm.
Breidd	Milli 0.5m og 1.0m.
Bratti	5 - 12 %.
Dæmi	Fyrir ofan Suðureyri og Ísafjörður meðfram skógræktarlandið (mynd vantar)

### Flokkur 4 Göngustígar

Almennt lýsing	Mjóir stígar fyrir utan aðal útvistarsvæðin. Inniheldur bratta kafla. Laust efni efni, óbrúaðir lækir og skriður.
Hentar fyrir	Stígar sem eru fyrir utan aðal útvistarsvæðin. Stígar sem leiða upp á heiðar.
Yfirborð	Ójafnt yfirborð með allt að 100mm laust efni, lækir og skriður.
Breidd	< 1.0m
Bratti	10 - 30 %
Dæmi	Upp á heiði og við Skíðasvæði (mynd vantar)

## Flokkur 5 Göngustígar

Almenn lýsing	Fjallaleiðir. Ekki vel merktir og með mikið af lausu efni. Útsett á köflum. Óbrúaðir lækir og skriður.
Hentar fyrir	Fjallastígar
Yfirborð	Mjög grófir stígar með stórgrjót og laust yfirborð.
Breidd	Ekki skilgreint
Bratti	Ekki skilgreint- kaðall eða stigar ef að aðstæður leyfa.
Dæmi	Upp á Eyrarfjall eða Ernir (mynd vantar)

## Erfiðisskali og merking stíga

Erfiðisskölun og merking stíga fer fram skv. staðall Leiðbeiningar um merkingar, Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum sem Ferðamálastofa gaf út.

Skýring	
Léttur göngustígur Aðgengilegur öllum Stigaflokkur 1	 <b>L19</b> Auðveld qöngleið
Göngustígur Stigaflokkur 2 og 3	 <b>L01</b> Gönguleið
Fjallgöngustígur Stigaflokkur 4	 <b>L20</b> Krefjandi gönguleið
Erfiður fjallgöngustígur Stigaflokkur 5	 <b>L21</b> Erfið gönguleið



### Blátt – auðvelt

#### Textalykill fyrir ferðamenn

Góðir og sléttir stígar að jafnaði án teljandi hindrana eða erfiðleika.

#### Nánari skilgreining fyrir flokkun

„Góðir og að jafnaði sléttir stígar, án teljandi hindrana eða erfiðleika“ eru stígar sem yfirleitt er búið að bera ofaní eða eru sléttar moldar eða þéttar sandgötur. Lækir og ár eru brúðar. Ef um verulega hærri uppstig en venjulega tröppuhæð er að ræða þarf að vera handrið. Pessar leiðir henta t.a.m. ófótvissu eldra fólk. Það er í lagi að steinar standi upp úr eða hluti stígs-ins sé ósléttur, ef það er undantekning. Ef um er að ræða frekari hindranir flokkast hann upp. Hentar fyrir lofhraðda.

#### Viðmiðunardæmi:

Tjaldsvæði-Svartifoss (Skaftafell), Vesturdalur – Hljóðaklettar (Jökulsárgljúfur), Viti frá bílastæði (Askja).



### Rauðt – krefjandi

#### Textalykill fyrir ferðamenn

Leiðir og stígar sem geta falið í sér lengri ósléttu og erfiða kafla og hindranir svo sem óbrúða læki og minni ár, lausamöl, há uppstig o.s.fr.

#### Nánari skilgreining fyrir flokkun

Leiðir og stígar sem geta falið í sér lengri ósléttu og erfiða kafla og hindranir, svo sem óbrúða læki (lítlar árl) lausamöl, há uppstig o.s.fr. Dæmigert fyrir rauða leið væri að hún lægi um lítt orpið hraun án ofanþurðar og hentar því ekki ófótvisu fólk. Einnig getur undirlag stígsins verið blautt eða gljúpt í miklum sandi eða bleytu. Minniháttar hindranir geta verið lækir eða lítlar ár sem ekki verða mannskæðar í venjulegum vexti, há uppstig t.d. í stuttum kletthöftum, stuttar brattar brekkur, eða stutt stökk yfir hindranir. Hindranir á rauðum leiðum eiga það sameiginlegt að oft er auvelt að fjarlægja þær með einföldum aðgerðum (brúm og stigum). Hentar lofhraðdum.

#### Viðmiðunardæmi:

Heiðahringurinn (Skaftafell), Hólmatungur – Vesturdalur (Jökulsárgljúfur), Tjarnargígshringur (Laka), LML-Stóriherver-LML (Friðland að Fjallabakí). Laugavegurinn, frá Landmannalaugum í Þórmörk, liggur á mörkum rauðs og svarts vegna þróngár sem getur orðið leiðinleg í vatnavöxtum. Að öðru leyti er Laugavegurinn rauð leið og því réttlætanlegt að flokka hann í rauð.



### Svart – erfitt

#### Textalykill fyrir ferðamenn

Leiðir og stígar sem fela í sér hindarnir og erfiðleika á borð við stærri óbrúðar ár, brattlendi og kletthöft, sem óvönum og við slæmar aðstæður getur verið hættulegt.

#### Nánari skilgreining fyrir flokkun

Leiðir og stígar sem fela í sér hindranir og erfiðleika á borð við óbrúðar ár, brattlendi og kletthöft, sem óvönum og við slæmar aðstæður geta verið hættulegir.“ Svart þýðir að á leiðinni geta verið mannskæðar hættur. Algengustu mannskæðar hættur á gönguleiðum eru Grjóthrun og fallhæta (Brattlendi), druknunar og ofkæling (ár). Krossá í Þórmörk og Morsá í Skaffafelli myndu óbrúðar valda flokkun í svart, þar sem vatnsmagn þeirra í vexti veldur druknunar og ofkælingarhættu. Berg á Íslandi er afar laust í sér og fellur grjót oft af sjálfsdáðum en einnig af völdum ferðamanna. Slikar gönguleiðir í brattlendi henta ekki lofhraðdum.

#### Viðmiðunardæmi:

Kristínartindar (Skaftafell), Hafragilsundirlendi (Jökulsárgljúfur), Herðubreið, Rjúpnafell (Þórmörk), Fimmvörðuháls (Að norðanverðu). Dæmi um ár sem óbrúðar valda myndu flokkun í Svart: Krossá í Þórmörk, Morsá í Skaffafelli og allar stærri.

## **Viðhald**

Eftirfarandi flokkar eru notaðir yfir viðhaldsvinnu:

### **Viðhald A:**

Eftirlit og viðhald eru í forgangi. Vetrarþjónusta er á þessum stíg. Til hliðsjónar eru notaðir eiginleikar úr Flokkur 1 Göngustígar og

## Stígar malbikaðir (Viðhald A)

### **Viðhald B:**

Flesti stígar eru í viðhaldsflokki B. Stígar er haldinn við með tilliti til öryggisatriða og ef að stígar skemmist. Til hliðsjónar eru notaðir eiginleikar úr Flokkur 2 Göngustígar, Flokkur 3 Göngustígar jafnt sem Stígar malaryfirborð (Viðhald B) og Stígar trékurl (Viðhald B).

### **Viðhald C:**

Viðhald fer fram eftir þörfum og er metið af fagaðila um aðgerðir og hvort hætta skapist ef að stígar skemmist. Viðhaldi er skipt á milli stígaeigenda.

### **Viðhald D (enginn viðhald)**

Stígar í viðhaldsflokki eru ekki haldnir við af sveitafélaginu. Samstarf er á milli utanaðkomandi aðila eins og ferðafélag eða annað áhugamannafélag er notað, til dæmis, til að hæla út leiðir.

## Stígar malbikaðir (Viðhald A)

Heildarúlit malbikaðra stíga skal ávallt vera gott

Illgresi má ekki sjást í malbiki

*Eftirfylgni:*

Sópun	2x á ári
Smærra og stærra rusl skal fjarlægt	3x á ári
Mat á þörf fyrir lagfæringar þar sem sig eða lyfting hefur orðið	1 sinni á ári
Mat á þörf fyrir endurnýjun malbiks eða hluta þess	þriðja hvert ár

## Stígar/götur hellulagt (Viðhald A)

Heildarúlit hellulagna eða steinlagna skal ávallt vera gott og fúgur fullar

Gras má ekki gróa inn á hellulagnir frá köntum og spilla þannig útliti

Kantsteinar skulu vera jafnir

*Eftirfylgni:*

Illgresi fjarlægt	1 sinni á ári
Sópun	2 x á ári
Mat á þörf fyrir endurnýjun lagnar eða hluta hennar	Annað hvert ár
Mat á þörf fyrir lagfæringar þar sem sig eða lyfting hefur orðið	1 sinni á ári

## Stígar malaryfirborð (Viðhald B)

Heildarúlit grús- og sandstíga skal ávallt vera gott

Yfirborð skal vera laust við sporun og ójöfnur

Fjölært illgresi má ekki sjást og einært illgresi má ekki þekja meira en 15 % af yfirborði

*Eftirfylgni:*

Illgresi fjarlægt	1 sinni á ári
Mat á áfyllingarþörf	1 sinni á ári
Mat á þörf fyrir lagfæringar þar sem sig eða lyfting hefur orðið	1 sinni á ári
Mat á áfyllingarþörf	1 sinni á ári

## Stígar trékurl (Viðhald B)

Heildarúlit kurlstíga skal ávallt vera gott  
Yfirborð skal vera laust við miklar ójöfnur

Eftirfylgni:

Mat á áfyllingarþörf	1 sinni á ári
Mat á þörf fyrir lagfæringar þar sem sig eða lyfting hefur orðið	1 sinni á ári

## Brýr (Viðhald A)

Brýr brúa læki eða aðrar hindranir. Efni er timbur, járn eða steinefni eða blandað. Eftirlit og viðhald þarf að miðast við efni brúarinnar og með tillit til öryggis við notkun brúar.

Eftirfylgni:

Mat á þörf fyrir lagfæringar	1 sinni á ári
Mat um öryggisatriði	1 sinni á ári

## Tröppur (Viðhald A)

Tröppur auðvelda gangandi umferð um svæði þar sem landhalli er mikill. Lögun þeirra og útlit skiptir miklu máli. Þær skulu enn fremur vera þægilegar til að ganga um og öruggar. Því miðar umhirðan helst að því að halda þeim öruggum.

Eftirfylgni:

Mat á þörf fyrir lagfæringar	1 sinni á ári
Mat um öryggisatriði	1 sinni á ári

## Áningastaðir (Viðhald A)

Áningastaðir eru ætlaðir til þess að fólk geti hvít sig á ferðalögum. Áningastaðir geta verið með bekkjum, borðbekkjum, upplýsingaskiltum, ruslatunnum eða blöndu af þessu. Yfirlieitt eru áningastaðir á sérstökum útsýnisstöðum.

Eftirfylgni:

Mat á þörf fyrir lagfæringar	1 sinni á ári
Mat um öryggisatriði	1 sinni á ári

## Viðhengi

- Kort um göngustígar Viðhaldsflokkun A3
- Kort um göngustígar Erfiðisskölum A3

Fleira gögn sem er notað í tenging við skipulag, bygging og viðhald göngustígana:

- Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum  
[https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/umhverfismal/utgafur/handbok\\_27.11.2014.pdf](https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/umhverfismal/utgafur/handbok_27.11.2014.pdf)
- Táknmyndir
  - <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/umhverfismal/utgafur/taknmyndir.pdf>
  - Merkingar á gönguleiðum  
[https://www.ferdamalastofa.is/static/files/upload/files/Merkingar\\_gonguleida%281%29.pdf](https://www.ferdamalastofa.is/static/files/upload/files/Merkingar_gonguleida%281%29.pdf)